



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Veggfóðrari og dúklagningamaður - veggfóðrun og dúkalögn

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

Paper hanger and floor layer

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- er fær um að lesa bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi húshluta og verkþátta. Færir út mælipunkta, afsetur hæðir, teiknar upp deililausnir og frágang – fríhendis eða með teikniþorritum
- rakamælir gólf, flotar og setur undirlag. Undirvinnur vegg, loft, stiga og gólf og leggur dúka, teppi, veggfóður, striga og fíberstriga. Leggur að og gengur frá aðliggjandi efnum
- leggur sérhæfða gólfduka og býr til og fellir skrautborða eða mynd í þá, leggur mósaíkmottur, epoxy, sérhæfða striga, plötur, spón og gólfplötur með sléttum eða nótuðum köntum. Leggur þak- og sundlaugadúka
- þekkir lög málg og fer eftir reglum um hljóðvist, varmaeinangrun og eld- og rakavarnir
- metur þörf og annast viðhald, endurnýjar og gerir við gólf-, vegg- og loftaefni. Þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni. Þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast og notkun á tölvustýrðum skurðarvélum. Þekkir grunnatriði líta- og formfræði og helstu stíltímabil
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna
- er meðvitaður um faglega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu. Þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistarar og hlutverki þeirra. Þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Störf veggfóðrara og dúklagningamanna felast einkum í efnisvali, nákvæmri undirbúningsvinnu s.s. hreinsun og viðgerð vinnuflatar og síðan fullvinnslu verksins með lagningu viðeigandi vegg- eða gólfklæðninga. Iðngreininni tilheyrir flest það sem límt er inn í híbýli manna, svo sem veggfóður, skreytiborðar, strigi og fleiri klæðningar í loft og á vegg. Ennfremur leggja dúklagningamenn og veggfóðrarar gólfteppi, gólfduka og gólfplötur auk ýmissa hljóðdeyfandi klæðninga. Mikilvægur hluti af faginu er lagning gólf- og veggfagna í votrymi, t.d. í baðherbergi og iðnaðarhúsnæði. Sérhæfðir dúklagningamenn sérhæfa sig í lagningu gerviefna á íþróttavelli, íþróttahús, sundlaugar og þök. Rétt til starfa við veggfóðrun og dúklagnir hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í veggfóðrun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 120 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is